STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 2003

Nr. 108 210 20. febrúar 2003

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á gulrótum og næpum í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0706.1000	Gulrætur og næpur	24.02.03. - 30.06.03.	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. febrúar 2003.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

Nr. 109 21. febrúar 2003

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. tölul. 2. mgr. fellur brott og breytast númer á öðrum töluliðum til samræmis við það.
b. Í 2. málsl. 4. mgr. fellur brott orðið „hennar“ og í stað þess koma orðin „bifreiðarinnar eða hefur bifreiðina í rekstrarleigu til langs tíma.“